

Alþingi
Erindi nr. P 133/47/
komudagur 3. 12. 2006

Ívilnanir

Hámarks ívilnun vegna framfærslu námsmanns/ungmennis var við álagningu 2006 (vegna tekna árið 2005) 204.000 kr. og taka þær til barna á aldrinum 16-21 árs.

Ívilnanir vegna framfærslu námsmanns/ungmennis við álagningu 2006 námu samtals 441 m.kr. sem samsvara 166 milljóna króna lækkun á tekjuskatti ef þær hefðu að fullu reiknast til skatts. Það voru 4.308 heimili sem nutu ívilnana vegna 5.089 barna. Að meðaltali nam ívilnun á hvert barn um 87 þús. krónum.

Barnabætur 16 og 17 ára

Gert er ráð fyrir að um 6000 börn á aldrinum 16 og 17 ára fái barnabætur árið 2007. Áætlað er að barnabætur nemi að meðaltali um 100.000 kr. á barn.

Umræðan um 800 m.krónurnar

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. júní sl. kemur fram í 4. lið að vegna ofangreindra breytinga, - sem eru þá breytingar í 1., 2. og þriðja lið um persónuafslátt, vaxtabætur og barnabætur, - muni ríkisstjórnin beita sér fyrir því að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% um næstu áramót í stað 2% lækkunar sem áður var fyrirhuguð. Í þessu samhengi er rétt að benda á að kostnaður við að greiða barnabætur til 18 ára aldurs í stað 16 ára aldurs er áætlaður 5-600 milljónir króna. Til viðbótar má nefna að nú hefur verið ákveðið að hækka vaxtabætur enn frekar og er áætlaður kostnaður þess vegna tæpar 100 m. króna. Heildarútgjöld vegna endurskoðunar á vaxtabótum eru nú áætlaður 250-300 milljónum króna meiri er fjárlög gera ráð fyrir.

Vaxtabætur

Ef allir liðir vaxtabóta hækka um 12% í stað 6% má gera ráð fyrir að vaxtabætur yrðu um 5.890 milljónir króna í stað 5.530 milljóna króna árið 2007.